

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til áætlunarflugs á umræddum flugleiðum, en jafnframt skylda til að halda þar uppi föstum áætlunarferðum, eftir því sem flutningaþörf krefur að dómi ráðuneytisins.

Enn fremur hefur ráðuneytið í dag veitt sama félagi, til sama tíma, leyfi til áætlunarferða með farþega, vörur og póst, á eftirgreindum flugleiðum án sérleyfis:

1. Akureyri — Húsavík — Akureyri
2. Akureyri — Sauðárkrókur — Blönduós — Akureyri
3. Akureyri — Ólafsfjörður — Akureyri

*Samgönguráðuneytið, 31. desember 1984.*

**Matthías Bjarnason.**

*Birgir Guðjónsson.*

Nr. 514

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Tónlistarsjóð Ármanns Reynissonar, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum, af dómsmálaráðherra, 18. júní 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

Mín hæsta sorg og mín ædsta gleði  
þær hittast á söngvanna hæðum.

E.B.

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Tónlistarsjóð Ármanns Reynissonar.

Ég undirritaður, Ármann Reynisson, nnr. 0442-3208, Smáragötu 5, Reykjavík, stofna hér með skipulagsskrá þessari sjóð:

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Tónlistarsjóður Ármanns Reynissonar. Lögheimili sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja tónskáld til að semja ný tónverk og styrkja flutning tónlistar innan lands eða utan.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100 000,00 —eitt hundrað þúsund—. Höfuðstóllinn skal vera óskertur, en heimilt er að veita við fyrstu styrkveitingu allt að kr. 60 000,00. Vöxtum af höfuðstól ásamt síðari fjárframlögum má verja að hluta til styrkveitinga.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á þann hátt sem formaður telur réttast hverju sinni.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn og skal stofnandi sjóðsins, Ármann Reynisson, vera formaður stjórnar svo lengi sem hann kys, en hafa rétt til að tilnefna mann í sinn stað, ef hann af einhverjum ástæðum getur ekki gegnt störfum í sjóðstjórn. Aðrir stjórnarmenn

skulu vera eitt ár í senn í stjórn sjóðsins. Sá sem hlýtur starfslaun úr sjóðnum skal taka sæti í stjórn næsta ár á eftir. Stjórn sjóðsins hverju sinni tilnefnið þrjá meðstjórnendur fyrir næsta ár. Utan formanns skal enginn sinna stjórnarstörfum lengur en eitt ár í senn.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins skal úthluta einum eða fleiri styrkjum úr sjóðnum árlega og skal stefnt að því, að fjárhæð hverrar styrkveitingar sé að raunvirði a. m. k. jafn há og fjárhæð fyrstu úthlutunar. Stjórn sjóðsins skal leita umsagnar minnst tveggja sérfróðra manna um umsóknir.

## 7. gr.

Áliti stjórnin engan umsækjanda hæfan eða aðrar forsendur úthlutunar ekki fyrir hendi, leggst úthlutunarupphæðin inn á höfuðstól sjóðsins.

## 8. gr.

Styrki úr sjóðnum skal auglýsa til umsóknar minnst tveim mánuðum fyrir úthlutun og skal stefnt að því að úthlutunin fari fram í júníbyrjun ár hvert. Í tilefni stofnunar sjóðsins er heimilt að úthluta styrk úr sjóðnum án umsóknar fyrir árið 1984.

## 9. gr.

Þegar stjórn sjóðsins hefur tekið ákvörðun um styrkveitingu, sem ætluð er til samningar tónverks eða flutnings, skal gerður samningur við listamann. Áskilið er, að á titilblaði tónverksins skuli frá því greint, að við samningu þess hafi listamaðurinn notið styrks frá sjóðnum og í tónleikaskrá þegar verkið er flutt. Þegar styrkur er veittur til flutnings tónlistar skal geta þess í tónleikaskrá að flutningurinn hafi notið styrks úr sjóðnum.

## 10. gr.

Falli Ármann Reynisson frá skal um val formanns sjóðsstjórnar farið eftir fyrirmælum hans, ef þeim er til að dreifa, en ella skal lögmaður hans tilnefna formann og skal formaður einnig vera fjármálastjóri sjóðsins.

## 11. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins skal ganga frá reikningum hans innan tveggja mánaða frá lokun almanaksársins og skal reikningurinn síðan endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda. Reikningar sjóðsins skulu birtir í Lögbirtingablaðinu.

## 12. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til byggingar tónlistarhúss eða eflingu þess ef byggingu slíks húss er lokið á því tímamarki.

## 13. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari ef hún er einhuga um breytinguna. Nafni sjóðsins og aðaltilgangi má þó aldrei breyta.

## 14. gr.

Leita skal staðfestingar Forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 5. júní 1984.

*Ármann Reynisson.*

Vottar:

Baldvin Tryggvason

Ólöf Pálsdóttir

Áskell Máson.